



# Héraðsskjalasafn Árnesinga



ÁRSSKÝRSLA 2015  
Héraðsskjalasafn Árnesinga

© Héraðsskjalasafn Árnesinga 2016

Ritsjórn: Þorsteinn Tryggvi Mátsson.

Umbrot: Þorsteinn Tryggvi Mátsson.

Prófarkalestur: Jón M. Ívarsson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum héraðsskjalasafnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd sýnir menn í árabát þvera straumvatn. Þrjár hestar synda með bátnum. Ekki er vitað hvar myndin er tekin. Ljósmyndari óþekktur. 1015/4 00039.

Baksíðumynd er úr safni Sigríðar Hansen Guðmundsdóttur Ekki er vitað hvar myndin er tekin eða hvaða ár. 2015/63 SHG\_00001.

## Annáll 2015

Árið 2015 markaði vatnaskil í starfsemi héraðsskjalasafnsins, 30 ár voru frá stofnun safnsins og þá voru fest kaup á húsnæði í Háheiði á Selfossi sem hýsir nýjar skjalageymslur auk aðstöðu til móttöku, frágangs, skráningar á jafnt stórum sem litlum skjalasöfnum auk afritunar og ljósmyndunar.

Hefðbundin starfsemi héraðsskjalasafnsins, s.s. afgreiðsla erinda og fyrirspurna, skjalaskráning, veitt aðgengi að skjölum á lestrarsal var eins og undanfarin ár með mesta móti. Ný lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 hafa þegar haft viðtæk áhrif á starfsemi safnsins. Aldrei hefur jafn miklum tíma verið varið í eftirlit og ráðgjöf með skilaskyldum aðilum eins og á árinu 2015. Skráningu í samræmi við alþjóðlega staðla var haldið áfram og hugað enn frekar að miðlun á öðrum skjalaflokkum en ljósmyndum – framundan eru stór og krefjandi verkefni á því sviði. Ljósmyndavefur safnsins *myndasetur.is* er mikið notaður en rúmlega 10.000 nýjar myndir voru settar á vefinn. Í árslok voru tæplega 90.000 myndir á vefnum, bæði skráðar og óskráðar.

### Stjórn og starfsmenn

Breytingar voru gerðar á samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga BS þar sem fagræði var breytt í stjórn. Engar mannabreytingar voru gerðar. Formaður stjórnar er Sveinn S. Steinarsson Sveitarfélaginu Ölfusi, varaformaður er Kjartan Björnsson Sveitarfélaginu Árborg og ritari er Svanhvít Hermannsdóttir Flóahreppi.

Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru fjögur á árinu. Héraðsskjalavörður og skjalavörður í fullu starfi voru Þorsteinn Tryggvi Mátsson og Sævar Logi Ólafsson. Starfsmenn í ljósmyndaverkefni voru Guðlaug Jóna Helgadóttir og Guðmunda Ólafsdóttir.

### Starfsemi og aðbúnaður

Skráning fyrirspurna og erinda auk lána á lestrarsal var með sama hætti og undanfarin ár. Þessar upplýsingar hafa nú verið teknar skipulega saman allt frá árinu 2009 og gefa góða mynd af því hvernig þjónustuhlutverk skjalasafnsins gagnvart sveitarfélögunum, stofnunum á þeirra vegum, ríki og almenningi hefur vaxið. Þá gefa þessar upplýsingar vísbendingar um hvaða skjöl og skjalasöfn þarf að afrita til að tryggja betur vörslu frumrita sem og upplýsingar um hvaða skjöl eða skjalaflokkum æskilegt væri að miðla með rafrænum hætti. Mikilvæg skref hafa þegar verið stigin varðandi miðlun í tengslum við ljósmyndaverkefni skjalasafnsins og miðlun á ljósmyndum á *myndasetur.is*.

Safnastefna héraðsskjalasafnsins markast fyrst og fremst af lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Vinna við nýja reglugerð er hafin og verður fróðlegt að sjá með hvaða hætti kveðið verður á um skilaskyldu ýmissa félagasamtaka í nýrri reglugerð. Átaksverkefni og eftirlitsheimsóknir hafa síðan haft áhrif á afhendingar skilaskyldra aðila. Sameiginleg átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða hafa haft áhrif á afhendingar á einkaskjalasöfnum en mestu

ræður líklega það persónulega andrúmsloft og traust sem er til staðar á milli starfsmanna héraðsskjalasafnsins og þeirra sem vilja afhenda skjöl á safnið. Allt frá upphafi hefur safnið tekið við öllu sem berst frá einstaklingum.

Fjöldi gesta sem rituðu nafn sitt í gestabók héraðsskjalasafnsins voru 1146 en það er með allra mesta móti allt frá stofnun héraðsskjalasafnsins árið 1985.

Fyrirspurnir og erindi, þ.m.t. lán á sal og afhendingar voru 912, 934 árið 2014, 1090 árið 2013, 846 árið 2012, 615 árið 2011 og 468 árið 2010.

Afhendingar voru 92 á síðasta ári, 60 árið 2014, 82 árið 2013 og 79 árið 2012. Þessi fjöldi afhendinga virðist ekki taka miklum breytingum á milli ára ef utan er skilið árið 2014, en fækkun á afhendingum það ár tengist fyrst og fremst þeirri staðreynd að skjalageymslur safnsins voru þá fullar. Lán á sal voru 79, alls 179 öskjur. Beinir fyrirspurnir eða erindi sem kölluðu á afgreiðslu voru 402, en 233 vegna ljósmynda, þ.m.t. aðstoð vegna skráningar á ljósmyndum. 181 fyrirspurnir og erindi komu frá sveitarfélögum, stofnunum þeirra og ríkisstofnunum. Þar fyrir utan var fjöldi fyrirspurna frá skilaskyldum aðilum tengdar eftirliti og ráðgjöf. Kirkjubækur voru notaðar 74 sinnum á árinu vegna ættfræðirannsókna. Af þessu er ljóst að þjónustuhlutverk héraðsskjalasafnsins tekur sífellt meiri tíma frá öðrum verkefnum.

Á árinu voru skjöl lánuð í millisafnalán vegna ritunar sögu Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis, skjöl voru fengin að millisafnaláni frá Þjóðskjalasafni Íslands og Héraðsskjalasafni Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga vegna rannsókna í héraði.



Mair Ingólfur Músson  
sagnfræðingur  
gluggar í bækur  
á handbókasafni  
vegna rannsókna á  
Kaupfélaginu Höfn á  
Selfossi.

Tekið er á móti fyrirspurnum og erindum og þeim svarað alla daga á vinnutíma starfsmanna. Skjalasafnið var lokað vegna sumarleyfa í tvær vikur.

Skráningu afhendinga sem bárust á árinu 2015 var sinnt jafnóðum. Alls bárust 92 afhendingar, eins og áður sagði, samtals 54,9 hillumetrar sem er mikil aukning frá árinu á undan þegar 30,61 hillumetrar voru afhentir.

Þar fyrir utan voru svokallaðar 1015 afhendingar 11 talsins, alls 7,58 hillumetrar, en þetta eru afhendingar sem ekki rötudu í aðfangabók á sínum tíma. Þessar afhendingar voru afhentar einhverntíman fyrir 2008. Aðföng á árinu voru því með allra mesta móti allt frá upphafi héraðsskjalasafnsins.

Mikilvægt er að skapa ákveðna festu þegar horft er til afhendinga skilaskyldra aðila. Eftirlitsheimsóknir, ráðgjöf, gerð skjalavistunaráætla og mála- og bréfalykla þarf að vinna í samvinnu með hinum opinberu skjalamyndurum. Þessa vinnu hafa starfsmenn safnsins innt af hendi í góðu samstarfi við starfsmenn á sveitarstjórnarskrifstofum, leik- og grunnskólum í sýslunni. Ætla má að þessi vinni skili sér í

bættari skjalavörslu á sveitarstjórnarstiginu auk þess sem þetta auðveldar allt skipulag þegar horft er til skráningar, flokkunar og frágangs á afhendingum frá sveitarfélögum og stofnunum á þeirra vegum.

Haldið var áfram að skrá eldri afhendingar í samræmi við alþjóðlega



Hluti af bókhaldsskjólum úr afhendingu 2015/32 Hermann Eyjólfsson Gerðakoti. Sigurður Hermannsson afhenti mikið af skjólum Hermanns sem og skjöl tengd Ölfushreppi hinum forna á skjalasafnið á árinu.

staðla, ISAD-G og ISAAR sem gefnir eru út af Alþjóðlega skjalaráðinu ICA. Staðlarnir taka m.a. til skjalaskráningar, upplýsinga um skjalamyndara og þau skjöl sem tilheyra viðkomandi afhendingarnúmeri. Þessar upplýsingar eru settar fram í greinargerð sem fylgir hverri afhendingu. Greinargerðir og skjalaskrár eru síðan aðgengilegar á lestrarsal. Árið 2015 var farið yfir skráningu á afhendingum frá 2005, skráning lagfærð og samræmd þeim kröfum sem settar eru fram í áðurnefndum stöðlum. Nú er lokið skráningu á 864 afhendingum frá árunum 2005 – 2015 í samræmi við þessa staðla, alls 388,29 hillumetrar auk 63 afhendinga með 1010 – 1015 númer, alls 12,91 hillumetrar. Árið 2014 voru þetta 721 afhending en 579 árið 2013. Það er því óhætt að fullyrða að skráningu á eldri afhendingum miði vel áfram. Skráning skjalasafna og greinargerða var að mestu í höndum Sævars Loga Ólafssonar skjalavarðar.

Rannsóknir starfsmanna á safnkostinum tengjast fyrst og fremst frumskráningu eða endurskráningu á safnkostinum auk greinargerða með afhendingum. Nauðsynlegt er að færa rannsóknir á safninu nær fræðasamfélaginu. Hingað til hefur nær eingöngu verið litið á rannsóknir sem hluta af skráningu skjalasafna. Þá þarf að huga enn frekar að auknu samstarfi við önnur opinber skjalasöfn auk samstarfs við Byggðasafn Árnesinga og Listasafn Árnesinga.

Endurskipulagningu í skjalageymslum safnsins og frumfrágangi á eldri afhendingum sem hófst árið 2011 lauk á árinu. Þetta var umfangsmeira verkefni en talið var í fyrstu, en nauðsynlegt þegar horft er til frum- og endurskráningar á safnkostinum. Ávinningur af þessari vinnu er margþættur, fyllra yfirlit fæst yfir safnkostinn, fjöldi afhendinga verður ljós sem og ástand skjala í einstökum afhendingum auk þess sem öll leit verður einfaldari. Nú stemma afhendingar við afhendingarnúmer. Dæmi eru um að eitt og sama afhendingarnúmer hafi verið notað á afhendingar ólíkra skjalamyndara en það samræmist ekki þeim kröfum sem settar eru fram í fyrrnefndum stöðlum.

Skipulega færð aðfangabók, vönduð skjalaskráning og endurskráning eldri afhendinga eru lykill að því að gera skjalasafnið enn aðgengilegra almenningi og stjórn-

Þorsteinn Tryggvi fer yfir hluta af skjölum Sorpstöðvar Suðurlands sem voru afhent á árinu.



völdum. Sú vinna sem þegar hefur verið unnin er hægt að setja fram á heimasíðu héraðsskjalasafnsins eða birta á á sameiginlegum vef opinberra skjalasafna. Aðgengi að skjalaskrá á prenti á lestrarsal héraðsskjalasafnsins skiptir miklu og bætir þjónustu safnsins enn frekar. Á sama tíma er ljóst að meginþorri þeirra fyrirspurna sem héraðsskjalasafninu berast þurfa eftir sem áður að fara í gegnum hendurnar á starfsmönnum safnsins. Þekking starfsmanna á safnkostinum, á innra samhengi afhendinga, á stjórnsýslunni o.s.frv. er lykillinn að því að geta svarað mörgum fyrirspurnum en þessa þekkingu er ekki hægt að nálgast með öðrum hætti en hjá starfsmönnum sjálfum.

Þorsteinn Tryggvi og Sævar Logi tóku eins og áður virkan þátt í starfi Félags héraðsskjalavarða á Íslandi á árinu. Meginhlutverk félagsins er að styðja við héraðsskjalasöfnin og starfsmenn þeirra. Fimmta ráðstefna félagsins var að þessu sinni haldin á Húsavík auk þess sem haldnir voru nokkrir fundir þar sem rætt var um eftirlit, ráðgjöf, skráningu og frágang skjalasafna. Í nóvember sendi félagið bréf til fjárlaganefndar þar sem þess var óskað að fjárframlög til héraðsskjalasafnanna fyrir árið 2016 væru hækkuð í ljósi flutninga á verkefnum frá ríki og til héraðsskjalasafnanna í samræmi við lög.

Í tilefni af alþjóðlega skjaladeginum 9. júní voru mörg héraðsskjalasöfnin með opið hús þar sem starfsemi safnanna var kynnt. Þá var heimasíða félagsins [www.herads-skjalasafn.is](http://www.herads-skjalasafn.is) endurnýjuð á árinu en sú vinna var eingöngu í höndum Þorsteins Tryggva og Hrafns Sveinbjarnarsonar héraðsskjalavarðar Kópavogs sem jafnframt eru ritstjórar síðunnar.



Skjalageymsla Héraðsskjalasafnsins að Háheiði á ýmsum stigum innréttinga og breytinga sem gerðar voru á húsnæðinu. Reikna má með því að geymslan taki um 500 hillumetra af skjölum sem samsvarar u.þ.b. því magni skjala sem safnið tekur á móti næstu 10 ár.

Samráðshópur Félags héraðsskjalavarða um langtímavarðveislu rafrænna skjala sem í sitja Hrafn Sveinbjarnarson, Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður auk Þorsteins Tryggva kom nokkrum sinnum saman á árinu og átti auk þess óformlega fundi með borgarskjalaverði Kaupmannahafnar Elisabeth Bloch og Mads Neuhard yfirmanni sviðs langtímavarðveislu rafrænna skjala á Borgarskjalasafni Kaupmannahafnar. Langtímavarðveisla rafrænna skjala á sveitarstjórnarstiginu er skammt á veg komin og ekki ljóst hver næstu skref verða. Stærð skjalamyndara, sjálfstæði sveitarfélaga og héraðsskjalasafna ræður miklu, en horfa þarf til margra ólíkra þátta hvað varðar stærðarhagkvæmni, áreiðanleika rafrænna skjala, kostnað og nauðsynlegrar forvinnu bæði af hálfu skjalamyndara og vörslustofnana. Héraðsskjalasöfnin og sveitarfélögin þurfa að nálgast þetta verkefni af skynsemi, í samræmi við þær fjárheimildir sem héraðsskjalasöfnin fá bæði frá sveitarfélögum og ríki. Virða þarf sjálfstæði sveitarfélaga og tryggja að aðgengi að skjölum þeirra sé á forræði sveitarfélaga og héraðsskjalasafna en ekki ríkisins.

Húsnæðismál héraðsskjalasafnsins tóku miklum breytingum til batnaðar á árinu. Um mitt ár 2014 voru skjalageymslur safnsins að Austurvegi 2 fullar en umræða og þreifingar varðandi fjarageymslur og/eda nýtt húsnæði fyrir rekstur skjalasafnsins hafa verið í deiglu allt frá árinu 2012. Snemma árs 2015 var síðan gert tilboð í húsnæði í Háheiði á Selfossi. Á fundi Héraðsnefndar Árnesinga BS var samþykkt að veita héraðsskjalaverði umboð til að ganga frá kaupum á húsnæðinu, alls 120 m<sup>2</sup>, um 90 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Húsnæðið kostaði 10.000.000 og þá er kostnaður vegna

breytinga, innréttinga o.fl. um 3.000.000, þ.m.t. kaup á hillum, uppsetning á öryggiskerfi o.s.frv. Húsnæðið verður fyrst og fremst nýtt sem skjalageymsla en þar er einnig góð aðstaða til móttöku, flokkunar og skráningar á skjölum auk aðstöðu til ljósmyndunar.

Sé tekið mið af afhendingum undanfarinna fimm ára má ætla að þarna sé hægt að taka á móti því magni skjala sem berst héraðsskjalasafninu á næstu tíu árum. Samhliða þessu verða nokkrar breytingar gerðar á aðstöðu starfsmanna að Austurvegi 2 og óhætt að fullyrða að þessar breytingar muni bæta starfsaðstöðu þar til muna. Til að halda kostnaði við breytingar á lágmarki reyndi nokkuð á handlagni starfsmanna og óhætt að segja að vel hafi tekist til.

## Eftirlit og ráðgjöf

Miklum tíma var varið í eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu sveitarfélaga og stofnana þeirra á árinu. Átta leikskólar sóttu um staðfestingu á skjalavistunaráætlunum og málalýklum, en í öllum tilfellum voru áætlanirnar og lyklnir unnir af starfsmönnum héraðsskjalasafnsins í samvinnu við stjórnendur leikskóla. Gerð skjalavistunaráætlana nær aftur til ársins 2012, en á síðustu tveimur árum hafa tíu af 15 leikskólum fengið samþykktar áætlanir og málalýkla. Skjalavistunaráætlanir fyrir grunnskóla er næsta stóra verkefni, en mikil vinna hefur þegar verið unnin í góðri samvinnu við starfsmenn og stjórnendur Vallaskóla á Selfossi.

Haldnir voru fjöldi funda með ýmsum skilaskyldum aðilum þar sem farið var yfir fyrirkomulag skjalavörslu, skráningu eldri skjala sem og þeirra skjala sem nú eru mynduð. Framundan eru stór og krefjandi verkefni tengd frágangi og skráningu á skjölum sveitarfélaga og ljóst að sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga eru líklega meðvitaðri en nokkru sinni fyrr um mikilvægi þess að skjalahald sé í föstum skorðum og því sinnt af bæði samvisekusemi og nákvæmni.

Nokkuð var rætt um afhendingar á skjölum sveitarfélaga og þá hve gömul skjöl eru þegar þau eru afhent til vörslu á héraðsskjalasafnið. Nú er skjöl frá árinu 2015 í vörslu safnsins og safnið í sumum tilfellum orðin eðlilegur hluti af sveitarstjórnarskrifstofunum. Þetta tryggir um leið að varsla þessara skjala er komin í ákveðið ferli, skjölin eru skráð o.s.frv. Hvort þessu verður háttáð svona í framtíðinni er óvíst en þessi samskipti milli skjalamyndara og vörslustofnunar eru tvímælaust af hinu góða.

Starfsmenn héraðsskjalasafnsins hafa aðstoðað skilaskylda aðila með margvíslegum hætti þegar kemur að frágangi á afhendingum. Í flestum tilfellum hafa starfsmenn skjalasafnsins náð í skjölin, skráð, flokkað og gengið frá þeim í geymslur. Þessa vinnu greiða sveitarfélögin sérstaklega fyrir. Þetta fyrirkomulag styrkir sambandið á milli sveitarfélaganna og héraðsskjalasafnsins og mun vafalítið einfalda allt eftirlit skjalasafnsins með sveitarfélögnum og öllum undirstofnunum þeirra.



# KONUR Á VETTvangi KARLA

Sýningin Konur á vettvangi karla er afmælissýning Héraðsskjalasafns Árnæsinga. Árið 1915 fengu konur og vinnumenn kosningarétt til Alþingiskosninga. Þessum tímamótum hefur verið fjgruð með þrjúsum lögum 2015. Ráðsindabaráttu kvenna nær þó bæði lengra aftur og allt fram til dagsins í dag. Á þessari sýningu er sjónvarm beint að konum sem voru og eru búsettar hér í sýslunni. Sumar þeirra fengu á einhverjum tímamóti kosningarétt en aðrar ekki. Hér eru nefndar þær konur sem fyrstar sátu sem pólitískt kjörin fulltrúar íbúa í sínum sveitarfélögum sem aðalmenn í hreppsfeld, oddvitar, þingkonur og ráðherrar.

Undirstaða sýningarinnar er urmin upp úr safhöfði héraðsskjalasafnsins, þ.m. gördubókum hreppanna, kjörskrár, skjalum kvenfélags auk annarra heimilda sem ýmist eru í vörslu safnsins eða fengnar annarsstaðar frá. Þá eru flestar ljósmyndirnar í vörslu héraðsskjalasafnsins.

Héraðsskjalasafnið hefur í samvinnu við önnur héraðsskjalasafn Hólabólafn Íslands og Landbókastofnu Íslands - Háskólabókastofnu stjórnséðis um sökun á skjalum kvenna - Kallóð eftir skjalum kvenna í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

## HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA 30 ÁRA

Athugasemur: Héraðsskjalasafn Árnæsinga var stofnað árið 1985. Héraðsskjalasafn Árnæsinga var fyrsta og eina afmælissýningin í Hólabólafni Íslands. 15. nóvember 1985 var hún formlega opnuð og héraðsskjalasafnið. Undirbúningur afmælissýningarinnar var þó tekinn áttán árið 1992 þegar félag stjórnarinnar um héraðsskjalasafn Árnæsinga var stiftað og meginmættið þess var að fylla á þriðja héraðsskjalasafnið.


Þessi sýning í Hústaðarheimi við safhöfði Árnæsinga er fyrsta skjalasýningin árið 1990 þegar Bönn Pálsson var ráðin héraðsskjalasafni. Þann daginn áður var hún fyrsti herraður varðlaust aðstoðari. Á 100 ára afmæli Ölfuskrúsur í september 1991 var skjalasafnið flutt í gamla héraðsskjalasafnið við Árnæsveginn áður en hún varð meðal þess í safhöfðinu við Tryggvagegu.

Héraðsskjalasafn Árnæsinga varðvottar afrið sveitarfélaga sýslunnar bæði í herra þessu hreppi og í öðrum af sveitarfélögum. Þá hefur skjalasafnið afbókastofnu þessara sveitarfélögunum og vinnu afrið með stjórnun sveitarfélögunum að tilgjörðum á vaxandi þjórnarskrifum. Héraðsskjalasafnið þar 10 vörðvottun og þessu þessu þessu sýslunnar m.a. með því að taka við skjalasafnum stjórnun, fjárgæ og fyrirkomulag. Skjalasafnið þýggir um 100 skjalum sýslunnar og stjórnunum. Safnastofnunin eru stærri 3.000 skjalastofur skjalasafni og stjórnun 300.000 skjalastofna í rúm 1.800 skjalastofnum. Héraðsskjalasafn Árnæsinga þessu stjórnunum herraðar um sýslu herraðarinnar. Þá sýslunnarinn 13. herraðarinn og þá 21.



Eitt af spjöldunum á 30 ára afmælissýningu Héraðsskjalasafnsins Konur á vettvangi karla sem var í Listagjálni í Ráðgjánni Árborgar í nóvember 2015. Guðmunda Ólafsdóttir og Þorsteinn Tryggvi settu saman texta, Gunnar Marel Hinriksson hannaði spjöldin.

Ölfusárbrú hin fyrri. Ljósmyndin er líklega tekin milli 1931 og 1940. Ljósmyndari óþekktur.



## Miðlun

Í 20. gr. laga 77/2014 um opinber skjalasöfn er kveðið á um miðlun upplýsinga um þjóðarsöguna. Þetta má gera með birtingu skjala eða ljósmynda á vef og veita almenningu þannig upplýsingar um sögu þjóðarinnar eða byggðarlaga á grundvelli skjala í vörslu skjalasafnanna. Ljósmyndavefur héraðsskjalasafnsins hefur frá upphafi vakið mikla athygli og hefur gerbreytt ásýnd skjalasafnsins út á við. Það hefur tekist að gera vefinn að almenningsseign þrátt fyrir að litlu hafi verið til kostað í kynningu á vefnum. Facebook síða héraðsskjalasafnsins var notuð jöfnum höndum til að birta ljósmyndir, þá helst af óþekktum einstaklingum, bæjarmyndum o.fl. Þessi aðferð til að opna á samvinnu milli almennings og starfsmanna varðandi greiningu á ljósmyndum skilaði góðum árangri og á vafalítið stóran þátt í því hve vinsæll ljósmyndavefurinn er.

Á Bókasafninu í Hveragerði og í Miðgarði á Selfossi voru haldnar greiningarsýningar þar sem gestum gafst kostur á að nafngreina einstaklinga. Báðar sýningarnar vöktu nokkra athygli og fjöldi nafna barst sem bættu skráningu á ljósmyndum. Það er ljóst að aðgengi almennings að ljósmyndum á skjalasafninu bætir skráningu á ljósmyndum og mikilvægt að leggja rækt við þessi tengsl almennings við skjalasafnið. Eldri borgarar á Selfossi voru heimsóttir nokkrum sinnum þar sem ljósmyndir úr vörslu safnsins voru sýndar og starfsemi safnsins kynnt.

Héraðsskjalasafnið kom að vefnum *einkaskjalasafn.is* sem var opnaður formlega af Illuga Gunnarssyni mennta- og menningarmálaráðherra 16. apríl 2015. Þar er að finna skrá yfir öll einkaskjalasöfn í vörslu héraðsskjalasafnsins auk einkaskjalasafna frá öðrum opinberum skjalasöfnum.



Starfsmenn  
héraðsskjalasafn-  
anna á ráðstefnu  
Félags Héraðsskjalasafna á Íslandi sem  
haldin var á Húsavík  
í október 2015.

Í tilefni 100 ára kosningaafmælis kvenna tók héraðsskjalasafnið ásamt öðrum héraðsskjalasöfnum, Þjóðskjalasafni Íslands og Handritadeild Landsbókasafns þátt í söfnunarátaki á skjölum kvenna; *Kallað eftir skjölum kvenna*. Átakið hefur vonandi þau áhrif að skjalasöfn kvenna komi í meira mæli á skjalasafnið en áður. Í nóvember heimsóttu nemendur af miðstigi í Vallaskóla skjalasafnið þar sem starfsemi og tilgangur safnsins var kynntur og nemendurnir fengu að skoða myntsafn Helga Ívarssonar. Guðmunda Ólafsdóttir tók á móti flestum hópum þar sem lögð var áhersla á að sýna nemendum á lifandi og skemmtilegan hátt hvað leynist í húsakynnum safnsins. Vonandi verður framhald á þessum heimsóknum þar sem nemendur og kennarar geta kynnt sér starfsemi safnsins og jafnvel nýtt safnkostinn við verkefnavinnu.

Í nóvember opnaði 30 ára afmælisýning skjalasafnsins tileinkuð 100 ára kosningaafmæli kvenna – *Konur á vettvangi karla* var yfirskrift sýningarinnar þar sem sjónum var beint að stjórnmalabátttöku kvenna í Árnessýslu allt frá 1882 og fram til dagsins í dag. Tekin voru dæmi um konur sem fengu og fengu ekki kosningarétt og fjallað um fyrstu konurnar sem létu til sín taka í hreppsnefndum og á Alþingi. Leitað var fanga í hinum ýmsu afhendingum og sýningin í raun afrakstur af rannsókn á skjölum í vörslu héraðsskjalasafnsins.

Aðventusýning skjalasafnsins opnaði 1. desember, en þetta er í sjötta skipti sem ljósmyndir í vörslu safnsins eru til sýnis með þessum hætti, þ.e. á 3 x 2 metra tjaldi. Þarna var sýnt brot af þeim mikla fjölda mynda sem afhentar hafa verið á skjalasafnið allt frá upphafi. Sýningin er útsýning þar sem gestir og gangandi geta skoðað myndir á leið sinni fram hjá skjalasafninu í miðbæ Selfoss.

Á Safnahelginni voru 10.000 nýjar ljósmyndir settar vef safnsins, *myndasetur.is*. Nú eru rúmlega 90.000 ljósmyndir á ljósmyndavefnum.

## Námskeið og fundir

16. apríl maí stóð Þjóðskjalasafn Íslands fyrir fundi héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns í húsakynnum Háskóla Íslands. Rætt var um val á fulltrúum héraðsskjalavarða í fyrirhugaðan samráðshóp Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna. Skiptar skoðanir voru varðandi útnefningu á fulltrúum héraðsskjalavarða í hópinn. Ekki fékkst niðurstaða í málið á fundinum og kusu héraðsskjalaverðir fulltrúa á aðalfundi Félags héraðsskjalavarða sem haldinn var á Húsavík í byrjun október. Fulltrúar héraðsskjalavarða eru þrír: Hrafn Sveinbjarnarson, Jóna Símonía Bjarnadóttir og Þorsteinn Tryggvi Mátsson. Stefna Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árin 2014 – 2018 var til umfjöllunar auk þess sem farið var yfir ný lög um opinber skjalasöfn og þær kröfur sem gera á til reksturs héraðsskjalasafna. Endurskoðun reglna Þjóðskjalasafns var kynnt lítillga auk þess sem starfsmenn Þjóðskjalasafns kynntu mögulega aðkomu héraðsskjalasafna að rafrænni skjalaskrá Þjóðskjalasafns. Þá var einnig rætt um mögulegt samstarf opinberra skjalasafna og tölfraði fyrir skjalasöfn. Nokkur tími fór í að ræða fyrirkomulag á samstarfi þar sem margir héraðsskjalaverðir lögðu á það áherslu að samstarf væri á jafnréttisgrundvelli. Sjálfstæði skjalasafnanna í ljósi hinnar nýju laga-setningar verður að virða.

7. – 8. maí voru Norrænu skjaladagarnir haldnir í Kaupmannahöfn. Skjalaverðir frá öllum Norðurlöndum og víðar að komu saman, deildu reynslu sinni af stórum jafnt sem smáum verkefnum. Þorsteinn Tryggvi og Sævar Logi voru báðir þátttakendur á ráðstefnunni ásamt fjölda starfsmanna frá öðrum héraðsskjalasöfnum og Þjóðskjalasafni Íslands. Þorsteinn Tryggi og þrír starfsmenn norrænu skjalasafnanna stýrðu tveggja daga málstofu um skönnun og miðlun á skjalasöfnum, en þetta var eitt af átta meginþemum ráðstefnunnar. Þá flutti Þorsteinn erindi um skönnun og miðlun á ljósmyndum á héraðsskjalasöfnum. Óhætt er að fullyrða að vel tókst til hjá Dönum, dagskráin metnaðarfull, innihaldsrík og gestristni Dana ósvikin.

Í tilefni af alþjóðlega skjaladeginum 9. júní, stóð Félag héraðsskjalavarða og héraðsskjalasöfnin fyrir opnu húsi þar sem starfsemi skjalasafnanna var kynnt.

Fimmra ráðstefna Félags héraðsskjalavarða var haldin á Húsavík 1. og 2. október. Dagskrá ráðstefnunnar var fjölbreytt en áhrif nýrra laga um opinber skjalasöfn á starfsemi héraðsskjalasafnanna var í fyrirrúmi. Svanhildur Bogadóttir fjallaði um eftirlit með skilaskyldum aðilum og möguleika safnanna á að sinna lögbundnu eftirliti. Hrafn Sveinbjarnarson flutti erindi um eyðingu skjala og glötuð skjöl. Þorsteinn Tryggvi fór yfir átakverkefni um skjalavörslu leik- og grunnskóla og hvað hefði áunnist á einstökum söfnum og á landsvísi. Þá fjölluðu Snorri Guðjón Sigurðsson og Lára Ágústa Ólafsdóttir um miðlun á safnkosti héraðsskjalasafna, hverju á að miðla, með hvaða hætti og þá möguleika sem eru í stöðunni fyrir litlar einmenningstofnanir. Sólborg Una Pálsdóttir greindi síðan frá skráningarkerfinu AtoM. Þá var móttaka í Menningarmiðstöð Þingeyinga og Héraðsskjalasafn Þingeyinga heimsótt auk þess sem farið var um bæinn og Húsavíkurkirkja skoðuð.



Guðmunda Ólafsdóttir og Guðlaug Jóna Helgadóttir fara yfir og telja saman ljósmyndir úr safni Ottós Eyfjörð.

Seinni daginn fluttu Sævar Logi og Þorsteinn Tryggvi erindi um skilaskylda aðila, skilgreiningar á skilaskyldum aðilum og mögulegt samstarf á milli skjalasafna varðandi eftirlit. Þá fjölluðu Birna Mjöll Sigurðardóttir og Unnur V. Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri Fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar um velferðarþjónustu sveitarfélaga og þau skjöl sem þar verða til. Þá var rætt um stefnumótun, vefsíðu félagsins, upplýsingagjöf og þau mörgu verkefni sem eru framundan. Héraðsskjalasafni Þingeyinga og Snorra Guðjóni héraðsskjalaverði eru færðar bestu þakkir fyrir gestrisnina.

Aðalfundur Félags héraðsskjalavarda var haldinn 1. og 2. október. Stjórn félagsins er óbreytt frá síðasta ári en hana skipa: Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir héraðsskjalavörður Akraness, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs, Snorri Guðjón Sigurðsson, héraðsskjalavörður Þingeyinga, Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður og Þorsteinn Tryggvi Mátsson. Nokkrar breytingar voru gerðar á lögum félagsins og þá voru kosnir fulltrúar í ýmsa samráðshópa héraðsskjalasafnanna og Þjóðskjalasafns Íslands.

Í október sat Þorsteinn Tryggvi námskeið um forvörslu og greiningu á ljósmyndum á pappír og filmum á vegum Þjóðminjasafns Íslands og Þjóðskjalasafns en Jens Gold ljósmyndaforvörður á Preus Museum í Noregi fór yfir ýmsar aðferðir við greiningu og forvörslu.

## Ljósmyndaverkefni

Héraðsskjalasafn Árnesinga og héraðsskjalasöfnin á Egilsstöðum og á Sauðárkróki fengu nú í fimmta og síðasta sinn úthlutað 15.000.000 krónum á fjárlögum til atvinnuskapandi verkefnis við skönnun og skráningu á ljósmyndum. Verkefnið hefur í alla staði reynst skjalasafninu mikil lyftistöng. Skráning og miðlun á ljósmyndum

hefur, á þessum fimm árum, tekist það vel að eftir er tekið og safninu berast nú reglulega ljósmyndaafhendingar bæði stórar og smáar. Stærsta afhending síðasta árs var safn Ottó Eyfjörð, alls um 45.000 ljósmyndir mest á filmum. Safn Ottós er stærst þeirra safna sem afhent hafa verið á skjalasafnið frá upphafi, alls um 60.000 ljósmyndir alls. Um 90.000 ljósmyndir eru nú á vef skjalasafnsins *myndasetur.is*. Á seinni hluta ársins var farið að huga að endurnýjun á vefviðmóti til að bæta leitarbærni og hraða enn frekar. Nýr vefur mun líklega líta dagsins ljós sumarið 2016. Sýnileiki safnsins breyttist mikið með tilkomu vefsins og greinilegt að almenningur hefur mikinn áhuga



Þorsteinn Tryggvi héraðsskjalavörður og Ísólfr Gylfi Pálmason sveitarstjóri Rangárbings eystra handsala samkomulag á milli héraðsskjalasafnsins og Héraðsnefndar Rangæinga vegna skönnunar á ljósmyndasafni Ottós Eyfjörð.

á því að skoða ljósmyndir og aðstoða við skráningu á ljósmyndum. Tómasi Jónssyni ber að þakka sérstaklega en hann hefur skráð ljósmyndasafn sitt auk þess að koma að skráningu á fjölda annarra safna allt frá 2011. Líkt og undanfarin ár hefur fjöldi gesta einnig lagt safninu lið við skráningu, má þar sérstaklega

nefna þá Garðar og Gunnar Einarssyni, Ólaf H. Guðmundsson og Gunnar Gränz.

Starfsmenn í ljósmynda verkefni voru Guðmunda Ólafsdóttir og Guðlaug Jóna Helgadóttir auk þeirrar vinnu sem féll á fastráðna starfsmenn. Samanlagt má ætla að þetta hafi verið 2,3 stöðugildi yfir árið. Frá upphafi hafa Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Sveitarfélagið Árborg styrkt þetta verkefni af miklum myndarskap. Velvilji og framsýni þessara aðila hefur skipt sköpum fyrir verkefnið og ber að þakka sérstaklega.

Á árinu var höfuðáhersla lögð á frum- og fullskráningu ljósmynda, en nú er búið að skanna inn alls 109.416 ljósmyndir, fullskrá 95.346 og frumskrá 8.707. Þá er ætlað að 96.179 ljósmyndir séu enn óskannaðar. Texti og ýtarupplýsingar á 42.718 ljósmyndum var yfirfarinn á árinu og er nú búið að prófarkalesa texta á 79.778 ljósmyndum. Nú þegar sér orðið fyrir endann á ljósmynda verkefninu er ljóst að enn er mikið verk óunnið. Tryggja þarf með einhverjum hætti að stór og gagnmerk ljósmyndasöfn endi ekki í glatkistunni heldur séu afhent aðilum sem hafa bæði fag- og tækniþekkingu til að geta tryggt vörslu þessara safna og aðgengi að þeim.

## Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árnesinga 2015

Rekstrartekjur safnsins voru 31.717.289 kr. en rekstrargjöld auk stofnbúnaðar 30.434.996 kr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði er 1.282.293 kr. Fjármagnsliðir samtals 603.046 kr. Hagnaður ársins er 1.885.339 kr.

	2015 SKJALASAFN	2015 ÁÆTLUN	2014 SKJALASAFN
<i>Rekstrartekjur:</i>			
HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA	19.800.000	19.800.000	14.950.000
SV. ÁRBORG, STYRKUR	2.700.000	2.700.000	2.700.000
RÍKISSJÓÐUR ÍSLANDS LJÓSM.	5.000.000	5.000.000	5.000.000
AÐRAR TEKJUR	4.217.289	4.200.000	3.964.076
<b>SAMTALS</b>	<b>31.717.289</b>	<b>31.700.000</b>	<b>28.964.076</b>

### *Rekstrargjöld:*

LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD	25.289.419	26.412.460	23.993.392
ANNAR REKSTRARKOSTN.	5.084.882	4.294.255	5.492.824
AFSKRIFTIR	60.695	0	0
<b>SAMTALS</b>	<b>30.434.996</b>	<b>30.706.715</b>	<b>29.486.216</b>

### AFKOMA FYRIR FJÁRMUNATEKJUR

OG FJÁRMAGNSGJÖLD	1.282.293	993.285	( 551.140)
-------------------	-----------	---------	------------

### *Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):*

VAXTATEKJUR OG VERÐBÆTUR	624.722	0	481.460
VAXTAGJÖLD	( 21.676)	0	( 13.909)
<b>SAMTALS</b>	<b>603.046</b>	<b>0</b>	<b>467.557</b>

<b>HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS</b>	<b>1.885.339</b>	<b>993.285</b>	<b>( 54.589)</b>
------------------------------	------------------	----------------	------------------

Ljósmyndir úr safni  
Sigríðar Hansen  
Guðmundsdóttur.  
Sigríður giftist  
Birni Ingimar Valdi-  
marssyni en þau  
bjuggu á Björnskoti  
á Skeiðum frá 1944  
til 1973. Þá ferðaðist  
Sigríður mikið um  
landið á fjórða og  
fimmta áratugnum.  
Báðar myndirnar  
sýna heyskap en  
ekki er vitað hverjir  
erú á myndunum.  
Efri myndin gæti  
mögulega verið  
tekin á Skeiðunum  
með Vörðufell í  
baksýn.  
2015/63 SHG  
00185 og  
2015/63 SHG  
00156.





## Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga 2015

Fremst í skránni er afhendingarnúmer hverrar afhendingar. Þá fylgir heiti skjalasafns, umfang í hillumetrum og nafn þess sem afhenti.

- 2015/1 MAGNÚS EINARSSON REYKJABÓLI (8.7.1906 – 18.8.1992), LJÓSMYNDIR. 0,01 hillumetri – Einar Jónsson afhenti.
- 2015/2 SIGURÐUR GUÐMUNDSSON, LJÓSMYNDIR. 0,01 hillumetri – Sigurður A. Guðmundsson afhenti.
- 2015/3 SVEINN VALDIMAR LÝÐSSON (23.2.1919 – 28.2.2005). 0,03 hillumetrar – Guðmundur Lýðsson afhenti.
- 2015/4 Borgarey hf. 0,06 hillumetrar – Sveitarfélagið Ölfus, Barbara H. Guðnadóttir menningarfulltrúi afhenti.
- 2015/5 BÓKASAFN ÞORLÁKSHAFNAR. 0,06 hillumetrar – Sveitarfélagið Ölfus, Barbara H. Guðnadóttir menningarfulltrúi afhenti.
- 2015/6 PÓSTUR OG SÍMI, ÞORLÁKSHÖFN. 0,75 hillumetrar – Sveitarfélagið Ölfus, Barbara H. Guðnadóttir menningarfulltrúi afhenti.
- 2015/7 KARL EIRÍKSSON (9.6.1916 – 1.7.2014). 0,03 hillumetrar – Sigríður Karlsdóttir afhenti.
- 2015/8 BJÖRGVIN SIGURDSSON (16.10.1911 – 14.10.1993), JÆÐRI. 0,10 hillumetrar – Einar Páll Bjarnason afhenti.
- 2015/9 STOKKSEYRARHREPPUR. 0,20 hillumetrar – Einar Páll Bjarnason afhenti.
- 2015/10 VERKALÝÐSFÉLAGIÐ BJARMI. 0,08 hillumetrar – Einar Páll Bjarnason afhenti.
- 2015/11 MÁLFUNDAFÉLAG UNGMENNAFÉLAGS STOKKSEYRAR. 0,03 hillumetrar – Einar Páll Bjarnason afhenti.
- 2015/12 VERSLUN ÁSGEIRS EIRÍKSSONAR. 0,15 hillumetrar – Einar Páll Bjarnason afhenti.
- 2015/13 SJÚKRASAMLAG STOKKSEYRAR. 0,10 hillumetrar – Einar Páll Bjarnason afhenti.
- 2015/14 BYGGINGARFÉLAG VERKAMANNA, STOKKSEYRI. 0,03 hillumetrar – Einar Páll Bjarnason afhenti.
- 2015/15 HÓTEL STOKKSEYRI. 0,06 hillumetrar – Einar Páll Bjarnason afhenti.
- 2015/16 HARALDUR HAFSTEINN PÉTURSSON (23.2.1933 – 5.11.2014). 0,06 hillumetrar – Jónas Hafsteinnsson afhenti.
- 2015/17 KRISTRÚN MATTHÍASDÓTTIR (22.9.1923 – 24.10.2011), FOSSI. 0,06 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2015/18 GUÐLAUG LÝÐSDÓTTIR (2.9.1864 – 22.9.1945), SKEIDHÁHOLTI. 0,03 hillumetrar – Ingi Heiðmar Jónsson afhenti.
- 2015/19 BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI, BÓKASAFN. 0,06 hillumetrar – Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Hafdís Sigurjónsdóttir bókaforvörður afhenti.
- 2015/20 BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS, FEGRUNARNEFND. 0,03 hillumetrar – Héraðsskjalasafn Rangeinga og V-Skaftfellinga, Einar Magnússon skjalavörður afhenti.
- 2015/21 BRYNHILDUR G. KRISTJÁNSDÓTTIR OG ÞÓRARINN INGIMUNDARSON, LJÓSMYNDIR. 0,01 hillumetrar – Þórarinn Ingimundarson afhenti.
- 2015/22 LEIKSKÓLINN BERGHEIMAR. 1,8 hillumetrar – Leikskólinn Bergheimar, G. Ásgerður Eiríksdóttir leikskólástjóri afhenti.
- 2015/23 OTTÓ EYFJÖRD (19.8.1929 – 31.5.2009), LJÓSMYNDIR. 2,0 hillumetrar – Georg Ottósson afhenti.
- 2015/24 SÓKNARNEFND TUNGUFELLSKIRKJU. 0,03 hillumetrar – Sigurjón Helgason afhenti.
- 2015/25 LÁRUS JÓNSSON (15.10.1862 – 5.3.1937). 0,03 hillumetrar – Sigurjón Helgason afhenti.
- 2015/26 TUNGUFELL, BYGGINGABRÉF. 0,03 hillumetrar – Sigurjón Helgason afhenti.
- 2015/27 HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN. 0,30 hillumetrar – Héraðssambandið Skarphéðinn, Hugrún Sigurðardóttir og Guðrún Tryggvadóttir afhentu.
- 2015/28 HERGEIR KRISTGEIRSSON. 0,06 hillumetrar – Hergeir Kristgeirsson afhenti.
- 2015/29 HITAVEITA ÞORLÁKSHAFNAR. 1,20 hillumetrar – Orkuveita Reykjavíkur afhenti.
- 2015/30 KNATTSPYRNUDEILD UMF. SELFÖSS. 0,80 hillumetrar – Bárður Guðmundarson afhenti.
- 2015/31 GRUNNSKÓLINN Á STOKKSEYRI. 0,16 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri afhenti.

- 2015/32 HERMANN EYJÓLFSSON (1.7.1893 – 17.3.1973), GERÐAKOTI. 2,0 hillumetrar – Sigurður Hermannsson, Gerðakoti afhenti.
- 2015/33 SIGURÐUR SIGMUNDSSON (16.3.1938 – 24.9.2013), DALBÆ HRUNAMANNAHREPPI. 0,06 hillumetrar – Skúli Sæland fh. dánarbús Sigurðar Sigmundssonar afhenti.
- 2015/34 FÉLAGSHEIMILIÐ ARATUNGA. 0,06 hillumetrar – Skúli Sæland afhenti.
- 2015/35 BISKUPSTUNGNAHREPPUR. 0,35 hillumetrar – Skúli Sæland afhenti.
- 2015/36 BYGGÐASAFN ÁRNESINGA. 2,45 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2015/37 HELGA GEIRMUNSDÓTTIR, LJÓSMYNDIR. 0,01 hillumetrar – Helga Geirmundsdóttir afhenti.
- 2015/38 RAGNAR BÖDVARSSON (27.6.1935 – 24.5.2014). 0,15 hillumetrar – Böðvar Jens Ragnarsson afhenti.
- 2015/39 GRUNNSKÓLINN LJÓSAORG. 0,08 hillumetrar – Kerhólsskóli, Sigmar Ólafsson skólastjóri afhenti.
- 2015/40 LEIKSKÓLINN ÁLFHEIMAR. 0,75 hillumetrar – Leikskólinn Álfheimar, Ingibjörg Stefánsdóttir leikskólastjóri afhenti.
- 2015/41 PÁLL LÝÐSSON (7.10.1936 – 8.4.2008), LITLU-SANDVÍK. 10,50 hillumetrar – Lýður Pálsson afhenti.
- 2015/42 GUÐRÚN HULDA BRYNJÓLFSDÓTTIR (25.9.1931 – 1.3.2015). 0,16 hillumetrar – Ragnhildur Magnúsdóttir afhenti.
- 2015/43 POWERTALK JÓRA, SELFOSSI (ITC). 0,38 hillumetrar – Sigríður Pálsdóttir afhenti.
- 2015/44 LEIKSKÓLINN BRIMVER, EYRARBAKKA. 0,32 hillumetrar – Leikskólinn Brimver Eyrarbakka, M. Sigríður Jakobsdóttir leikskólastjóri afhenti.
- 2015/45 LEIKSKÓLINN ÁLFHEIMAR. 0,35 hillumetrar – Leikskólinn Álfheimar, Ingibjörg Stefánsdóttir leikskólastjóri afhenti.
- 2015/46 LEIKSKÓLINN ÁRBÆR. 4,35 hillumetrar – Leikskólinn Árbær, Kristín Eiríksdóttir leikskólastjóri afhenti.
- 2015/47 LEIKSKÓLINN KRAKKBORG. 1,0 hillumetri – Leikskólinn Krakkaborg, Sigríður Birna Birgisdóttir leikskólastjóri afhenti.
- 2015/48 LEIKSKÓLINN HULDUHEIMAR. 1,10 hillumetrar – Leikskólinn Hulduheimar, Kristrún Hafliðadóttir, leikskólastjóri afhenti.
- 2015/49 ÞÓR VIGFÚSSON (2.4.1936 – 5.5.2013). 0,16 hillumetrar – Hildur Hákonardóttir, Straumum afhenti.
- 2015/50 SIGRÍÐUR SIGURDARDÓTTIR (14.1.1911 – 27.11.1990). 0,03 hillumetrar – Óþekktur afhendingaraðili.
- 2015/51 SAMTÖK HEILSULEIKSKÓLA. 0,20 hillumetrar – Leikskólinn Árbær, Kristín Eiríksdóttir leikskólastjóri afhenti.
- 2015/52 VIGDÍS GISSURARDÓTTIR (2.5.1907 – 22.8.1997) FRÁ BYGGÐARHORN, LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Brynhildur Geirsdóttir frá Hraunprýði afhenti.
- 2015/53 JÓHANNES EINARSSON (30.8.1864 – 3.4.1963), EYVÍK. 0,03 hillumetri – Karólína og Guðlaug Guðmundsdætur afhentu.
- 2015/54 SELFOSSVEITUR. 0,8 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2015/55 HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA. 0,25 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2015/56 HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS. 0,06 hillumetrar – Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Elsa Ingjaldsdóttir framkvæmdastjóri afhenti.
- 2015/57 UMFERÐARÖRYGGISNEFND ÁRNESSÝSLU. 0,03 hillumetrar – Stefán A. Magnússon, ökukennari afhenti.
- 2015/58 GUÐJÓN SIGFÚSSON (14.2.1912 – 25.12.1998). 0,03 hillumetrar – Guðbjörg Guðjónsdóttir afhenti.
- 2015/59 GUÐBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR, LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Guðbjörg Guðjónsdóttir afhenti.
- 2015/60 SORPSTÖÐ SUÐURLANDS. 3,35 hillumetrar – Sorpstöð Suðurlands, Ari B. Thorarensen afhenti.
- 2015/61 SAMBÝLIÐ VALLHOLTI 12-14, SELFOSSI. 1,55 hillumetrar – Guðrún Linda Björgvinsdóttir afhenti.
- 2015/62 GUNNAR KARL GRÄNZ. 0,20 hillumetrar – Gunnar Karl Gränz afhenti.
- 2015/63 SIGRÍÐUR HANSEN GUÐMUNSDÓTTIR (11.6.1915 – 18.4.2001), LJÓSMYNDIR. 0,15 hillumetrar – Þorgerður Björnsdóttir afhenti.

- 2015/64 HELGI ÁGÚSTSSON (06.02.1891 – 03.12.1977). 0,20 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2015/65 FÉLAG BISKUPSTUNGAMANNA Í REYKJAVÍK. 0,06 hillumetrar – Helga Guðjónsdóttir afhenti.
- 2015/66 EINAR SIGURDSSON. 0,03 hillumetrar – Sigurður Kristinn Einarsson afhenti.
- 2015/67 ÞORBJÖRG SIGURDARDÓTTIR. 0,01 hillumetri – Gunnar Sigurgeirsson ljósmyndari afhenti.
- 2015/68 LEIKSKÓLINN ÆSKUKOT, STOKKSEYRI. 1,40 hillumetrar – Heilsuleikskólinn Brimver/Æskukot, Sigríður Birna Birgisdóttir leikskólastjóri afhenti.
- 2015/69 LEIKSKÓLINN BRIMVER, EYRARBAKKA. 3,45 hillumetrar – Leikskólinn Æskukot-Brimver, Sigríður Birna leikskólastjóri afhenti.
- 2015/70 BJÖRN PÁLSSON, SAGA ÞORLÁKSHAFNAR. 1,0 hillumetrar – Björn Pálsson fv. héraðsskjalavörður afhenti.
- 2015/71 GUÐJÓN ÓSKAR JÓNSSON. 4,0 hillumetrar – Reynir Jóhannsson afhenti.
- 2015/72 HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN. 0,50 hillumetrar – Héraðssambandið Skarphéðinn, Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri afhenti.
- 2015/73 ÞÓRLAUG BJARNADÓTTIR LJÓSMÓÐIR (7.8.1902 – 10.10.1983). 0,06 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2015/74 GUÐFINNA HANNESSDÓTTIR (28.12.1906 – 15.1.2008). 0,25 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2015/75 KRISTJÁN JÓHANNESSON (8.4.1866 – 8.2.1910). 0,08 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.
- 2015/76 BJARNI M. JÓNSSON NÁMSSTJÓRI (23.7.1901 – 1.8.1970). 0,40 hillumetrar – Velferðarsvið Garðabæjar, Herdís Hjörleifsdóttir félagsráðgjafi afhenti.
- 2015/77 SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA, KATRÍN MARÍA ANDRÉSDÓTTIR framkvæmdastjóri afhenti.
- 2015/78 STOKKSEYRARHREPPUR. 0,06 hillumetrar – Gyða Guðmundsdóttir frá Holti afhenti.
- 2015/79 LEIKSKÓLINN ÁLFHEIMAR. 1,0 hillumetrar – Leikskólinn Álfheimar, Ingibjörg Stefánsdóttir leikskólastjóri afhenti.
- 2015/80 FRÉTTABRÉF SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS. 0,03 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.
- 2015/81 ÁVEITAN. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagin Vaka, Baldur og Samhygð afhentu.
- 2015/82 BLÁSKÓGAFRÉTTIR. 0,03 hillumetrar – Sveitarfélagið Bláskógabyggð afhenti.
- 2015/83 HVATARBLAÐIÐ. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Hvöt, Grímsnesi afhenti.
- 2015/84 SÓKNARNEFND HJALLAKIRKJU. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2015/85 SJÚKRASAMLAG ÖLFUSHREPPS. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2015/86 LESTARFÉLAG ÞORLÁKSHAFNAR. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2015/87 LESTARFÉLAG HJALLASÓKNAR. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2015/88 KJÖRSTJÓRN ÖLFUSHREPPS. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2015/89 BRUNABÓTASJÓÐUR ÍSLANDS, ÖLFUSUMBOD. 0,15 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2015/89 BRUNABÓTASJÓÐUR ÍSLANDS, ÖLFUSUMBOD. 0,15 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2015/90 SKATTANEFND ÖLFUSHREPPS. 0,06 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2015/91 ÖLFUSHREPPUR. 0,08 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.
- 2015/92 BARNASKÓLI ÖLFUSSKÓLAHVERFIS. 0,08 hillumetrar – Sigurður Hermannsson Gerðakoti afhenti.

# HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

Austurvegi 2 • 800 • Sími 482 1259 • Kennitala 630189–2849

myndasetur.is  
heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is

Opnunartími  
mánudaga til föstudaga kl. 10:00 – 16:00  
miðvikudaga lokað

## Stjórn safnsins

Sveinn S. Steinarsson, stjórnarformaður

Kjartan Björnsson, varaformaður

Svanhvít Hermannsdóttir, ritari

## Starfsmenn skjalasafnsins

Posteinn Tryggvi Másson, héraðsskjalavörður

*thorsteinn@heradsskjalasafn.is*

Sævar Logi Ólafsson, skjalavörður

*saevar@heradsskjalasafn.is*

Guðmunda Ólafsdóttir, ljósmyndasafn

*myndasetur@heradsskjalasafn.is*

